

Uppfært mars 2003

Menntun innan EES

Njóttu réttinda þinna í nýrri Evrópu!



*Viðskiptaskrifstofa utanríkisráðuneytisins
mars 2003 (vefútgáfa)*

EFNISYFIRLIT

NÁM, STARFSNÁM OG RANNSÓKNIR Í ÖÐRU EES-LANDI	3
Jöfn kjör	3
Inntökuskilyrði	3
Dvalarleyfi	3
Fjölskylda	4
Gagnkvæm viðurkenning menntunar	4
Viðurkenning á starfsréttindum	5
Lögverndaðar starfsgreinar	5
Starfsgreinar sem ekki eru lögverndaðar	65
SJÚKRATRYGGINGAR	6
Búseta í námslandinu	6
Tímabundin dvöl í námslandinu	6
RANNSÓKNARSTÖRF Í ÖÐRU EES-LANDI	7
SAMSTARFSÁÆTLANIR	7
LEONARDO DA VINCI-STARFSMENNTAÁÆTLUNIN	7
Skilyrði	87
Starfsþjálfun	8
Ungt fólk í grunnstarfsnámi	8
Ungt fólk á vinnumarkaði og nýútskrifaðir nemendur	8
Ungt fólk í háskólanámi	8
Starfsmannaskipti	8
Starfsmannastjórar fyrirtækja, fræðslufulltrúar, skipuleggjendur og stjórnendur starfsþjálfunar	98
Leiðbeinendur og kennarar í starfsmenntastofnunum	9
SÓKRATES-ÁÆTLUNIN	9
Háskólastúdentar (Erasmus)	9
Grunn- og framhaldsskólanemar (Comenius)	109
Tungumálanám (Comenius)	10
Kennarar eða kennaranemar	10
Tungumálakennarar	10
Háskólakennarar	10
Kennarar á leik- grunn- og framhaldsskólastigi	10
Tungumálakennarar	1140
Hraðnámskeið	11
UNGT FÓLK Í EVRÓPU	11
NÁNARI UPPLÝSINGAR	13

NÁM, STARFSNÁM OG RANNSÓKNIR Í ÖÐRU EES-LANDI

Þú getur stundað nám, starfsnám eða rannsóknir í öllum löndum Evrópska efnahagssvæðisins (EES). Einu gildir hvort þú ákveður að flytjast til annars lands til náms eða hvort þú býrð þegar í öðru EES-landi en heimalandi þínu. Ef þú ert atvinnulaus, geturðu einnig tekið þátt í starfsþjálfun ytra.

Jöfn kjör

Skóli í því landi þar sem þú hyggur á nám getur að öllu jöfnu ekki gert aðrar inntökukröfur til þín en til innlendra ríkisborara, en hann getur þó krafist hærri skólagjalda af þér en heimamönnum. Hafðu hugfast að í sumum löndum eru skólagjöld há.

Meginreglan er að þú átt ekki rétt á almennum styrkjum í gistilandinu til að standa undir venjulegum framfærslukostnaði. Þó geta EES-löndin ákveðið að eigin frumkvæði að veita lán eða styrki til erlendra námsmanna. Ef þú ert launþegi eða í fjölskyldu launþega sem býr í öðru EES-landi færðu aukin réttindi, meðal annars átt þú sama rétt á framfærslustyrkjum og íbúar gistilandsins. Við ráðleggjum þér eindregið að kynna þér fyrirfram hvaða styrkir og aðstoð bjóðast í EES-landinu þar sem þú ætlar þér að stunda nám.

Inntökuskilyrði

Þar sem inntökuskilyrðin eru ákveðin í hverju landi fyrir sig geta þau verið mjög mismunandi. Í sumum aðildarríkjum er þess krafist að þú kunnir tungumálið sem þar er talað og hægt er að fara fram á að þú takir próf í málinu áður en námið hefst. Ástæðan fyrir þessum mismun er að öll EES-löndin hafa rétt á að móta eigin menntastefnu. Þó er ekki leyfilegt að mismuna ríkisborgurum annarra EES-landa á nokkurn hátt á grundvelli þjóðernis.

Ef þú hyggur á nám í öðru EES-landi skaltu afla þér upplýsinga áður en þú ferð að heiman. Þannig geturðu komist hjá erfiðleikum þegar þú kemur á staðinn.

Dvalarleyfi

Ef þú ætlar að stunda nám í öðru EES-landi í skemmri tíma en þrjá mánuði, til dæmis sækja tungumálanámskeið, er hvorki krafist vegabréfsáritunar né dvalarleyfis. Það eina sem þarf í slíku tilviki er gilt vegabréf. Í sumum löndum kann að vera farið fram á að þú skráir þig hjá yfirvöldum á staðnum. (Hér eru hugtökin „land“ og „ríki“ notuð á víxl um ríkin sem eiga aðild að Evrópska efnahagssvæðinu (EES). Þetta eru aðildarríki Evrópusambandsins (ESB) (Austurríki, Belgía, Danmörk, Finnland, Frakkland, Grikkland, Holland, Írland, Ítalía, Lúxemborg, Portúgal, Spánn, Stóra-

Uppfært mars 2003

Bretland ásamt Norður-Írlandi, Svíþjóð og Þýskaland) og EFTA-ríkin¹ Ísland, Noregur og Liechtenstein).²

Ef þú ert að fara í nám sem tekur lengri tíma en þrjá mánuði í öðru EES-landi, áttu rétt á dvalarleyfi að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Þú þarft að nema við viðurkennda menntastofnun ytra og hafa fullnægjandi sjúkratryggingu og fjármagn til framfærslu.

Ef þú fullnægir þessum skilyrðum, færðu dvalarleyfi fyrir ríkisborgara EES-landa, sem gefið er út af yfirvöldum í gistilandinu. Vari námið skemmri tíma en eitt ár, gildir dvalarleyfið í þann tíma sem námið tekur. Ef námið varir fleiri ár, getur þú þurft að endunýja dvalarleyfið til eins árs í senn.

Fjölskylda

Fjölskylda þín á einnig rétt á að dveljast í landinu þar sem þú stundar nám. Þetta á við um maka og börn sem eru á framfæri þínu. Ef dvölin er lengri en þrjú mánuðir þurfa fjölskyldumeðlimir að sækja um dvalarleyfi á sama hátt og þú sjálf(ur). Þeir þurfa því að hafa sjúkratryggingu og nægilegt fé til að framfleyta sér.

Þeir í fjölskyldunni, sem ekki eru ríkisborgarar EES-ríkis, kunna að þurfa vegabréfsáritun. Hún á að fást ókeypis og fyrirhafnarlítið hjá sendiráði eða ræðismannsskrifstofu gistilandsins.

Fjölskyldumeðlimir þínir eiga einnig rétt á að fá að starfa í gistilandinu, hvort heldur er sem launþegar eða sjálfstæðir atvinnurekendur, óháð þjóðerni.

Ef þú ert launþegi, sjálfstæður atvinnurekandi eða atvinnulaus og vilt dveljast erlendis innan við þrjá mánuði, nægir þér gilt vegabréf.

Ef þú hyggur á launað starfsnám eða tímabundið starf lengur en þrjá mánuði en skemur en eitt ár, átt þú rétt á dvalarleyfi jafnlengi og starfið eða starfsnámið varir. Ef þú dvelst lengur í landinu en þrjá mánuði af öðrum ástæðum þarftu að sækja um dvalarleyfi.

Gagnkvæm viðurkenning menntunar

Þegar nám er stundað erlendis, getur oft verið óljóst hvort prófskírteini hafa fullt gildi í heimalandinu eða nýja landinu eða hvort endurtaka þurfi hluta námsins. Áður stóð þessi óvissa í vegi fyrir þeim sem vildu stunda nám í EES-löndum, en nú hefur þessari hindrun að miklu leyti verið rutt úr vegi.

¹ Athuga ber að sérstakur samningur er einnig við Sviss í gegn um EFTA samstarfið sem veitir sambærileg réttindi utan EES samningsins.

² Athuga ber að frá og með 1. maí 2004 munu 10 ný ríki verða aðilar að ESB ná samningur um stækkun ESB samþykki í öllum ríkjum sambandsins. Samningaviðræður standa yfir um aðild ríkjanna að EES samningnum. Ríkin eru Malta, Kýpur, Ungverjaland, Pólland, Eistland, Lettland, Litháen, Slóvakía, Slóvenía og Tékkland.

Uppfært mars 2003

Viðurkenning háskólanáms felur í sér að prófskírteini frá EES-landi, eða hluti þess, er talið jafngilda prófskírteini frá öðru aðildarlandi. Það þýðir að þú getur stundað allt þitt nám eða hluta þess í öðrum EES-löndum. Þar sem til eru margar mismunandi námsleiðir og prófgráður kann stundum að reynast erfitt að fá þær viðurkenndar.

Ef þú ert til dæmis námsmaður og tekur þátt í Erasmus-samstarfsáætluninni, er háskóla í heimalandi þínu skylt að meta námstíma þinn erlendis sem hluta náms þíns. Þá er námstími þinn erlendis metinn að fullu sem sambærilegur námstími og námskeið í háskóla í heimalandi þínu, þótt einhver munur kunnir að vera á námsefninu. Þetta á einnig við um próf og annað námsmat.

Erasmus-áætlunin felur í sér kerfi sem margir háskólar notast við til að yfirfæra námseiningar. Kerfið nefnist *ECTS (European Community Course Credit Transfer System)* og er því ætlað að auðvelda mat á háskólanámi milli stofnana sem nota kerfið, með því að gefa lýsingar á námsleiðum og yfirlit yfir einstök námskeið.

Viðurkenning á starfsréttindum

Í sumum EES-löndum er krafist prófskírteina, vottorða eða sérstakra starfsréttinda til að fá rétt til að stunda vissar atvinnugreinar, annars vegar sem launþegi og hins vegar til að starfa sjálfstætt. Þetta eru svokallaðar lögverndaðar starfsgreinar. Stundum kann að reynast erfitt að fá menntun metna til fulls. Þetta stafar af þeim verulega mun sem er á menntun og prófskírteinum í hinum ýmsu löndum.

Komið hefur verið á kerfi til að viðurkenna prófskírteini svo að vinna megi bug á þessum erfiðleikum. Kerfið auðveldar þér að fá prófskírteini þitt viðurkennt og nota það í öðru EES-landi.

Grunnreglan er einföld: Ef þú telst hæf(ur) til að gegna tilteknu starfi í heimalandi þínu, telst þú einnig hæf(ur) til að stunda sama starf í öðru EES-landi.

Lögverndaðar starfsgreinar

Með EES-samningnum hefur verið komið á fót almennu viðurkenningarkerfi á starfsréttindum. Ef þú vilt vinna við starfsgreinar sem eru lögverndaðar í landinu sem þú ætlar að starfa í (t.d. sem kennari, lögmaður, verkfræðingur eða sálfræðingur), þarftu að sækja um til viðkomandi yfirvalda í því landi til að fá prófskírteini þitt metið. Yfirvöldunum ber að svara þér innan fjögurra mánaða. Þegar skírteinin hafa verið viðurkennd getur þú strax hafið störf.

Það getur hent að yfirvöldin telji menntun þína verulega frábrugðna þeirri menntun sem veitt er í gistilandinu að því er varðar lengd eða inntak námsins. Þá er hægt að fara fram á að þú verðir þér úti um meiri starfsreynslu, ljúkir reynslutíma eða gangist undir hæfnispróf.

Í sumum starfsgreinum hafa lágmarkskröfurnar verið samræmdar. Ef þú ert læknir, hjúkrunarfræðingur, tannlæknir, ljósmóðir, dýralæknir, lyfjafræðingur eða arkitekt er

Uppfært mars 2003

meginreglan sý á að menntun þín er viðurkennd sjálfkrafa. Því geturðu stundað starf þitt í hvaða EES landi sem er.

Gættu vinsamlega að því að við ráðningu er hægt að gera kröfur til væntanlegs starfsmanns um kunnáttu í tungumáli gistilandsins.

Starfsgreinar sem ekki eru lögverndaðar

Ef starfsgreinin er ekki lögvernduð í landinu sem þú hefur hugsað þér að starfa í, þarftu ekki að fá menntun þína viðurkennda.

Í hverju EES-landi eru tengiliðir sem geta veitt þér nánari upplýsingar um hvað þarf til að fá menntun þína viðurkennda í landinu sem þú ætlar þér að starfa í. Slíkar upplýsingar varða t.d. þær kröfur gerðar eru, tímann sem meðferð málsins tekur o.s.frv.

SJÚKRATRYGGINGAR

Ef þú dvelst tímabundið eða varanlega í öðru EES-landi sem námsmaður nýturðu ákveðinnar verndar viðkomandi heilbrigðisþjónustu, svo fremi þú fullnægir tilteknum skilyrðum. Þú verður að vera ríkisborgari EES-ríkis eða heyra til fjölskyldu EES-borgara og þú verður að hafa fullnægjandi sjúkratryggingu í heimalandi þínu. Hafðu vinsamlega samband við Tryggingstofnun ríkisins til að komast að því hvers konar sjúkratryggingu þú hefur og hvort þú uppfyllir skilyrðin.

Búseta í námslandinu

Ef þú ert búsett(ur) í námslandinu áttu rétt á sömu heilbrigðisþjónustu og íbúar landsins. Áður en þú ferð til náms, þarftu að fá vottorð E-109 hjá Tryggingastofnun ríkisins þar sem þú eða foreldrar þínir eru tryggðir. Síðan þarftu að afhenda vottorðið á samsvarandi skrifstofu í námslandinu. Þeir námsmenn einir teljast tryggðir hérlendis sem hafa heimild til að halda lögheimili sínu hér á landi meðan á námi stendur erlendis.

Tímabundin dvöl í námslandinu

Ef þú hefur ekki búsetu í námslandinu heldur dvelst þar tímabundið átt þú rétt á þeirri aðstoð sem þörf verður fyrir meðan á dvölinni stendur. Áður en þú ferð þarftu að fá vottorð E-111. Það færð þú á Tryggingastofnun ríkisins áður en þú heldur utan og afhendir það síðan samsvarandi skrifstofu í námslandinu. Ef þú dvelst tímabundið við nám í öðru EES-landi gildir þessi þjónusta aðeins meðan á eiginlegum námstíma þínum stendur.

Til að fá aðgang að annarri heilbrigðisþjónustu þarftu annaðhvort að sækja fyrirfram um eyðublað E-112 eða snúa aftur til landsins þar sem þú hefur fasta búsetu. Ef sjúkratrygging þín nægir ekki fyrir kostnaði við læknismeðferð einhvern hluta

Uppfært mars 2003

dvalarinnar, má fara fram á að þú fái þér sjúkratryggingu hjá einkaaðila til að þú fullnægir skilyrðum fyrir dvalarleyfi í námslandinu.

Nánari upplýsingar er að finna í bæklingnum „Atvinna innan EES“ í þessari ritröð.

Hafðu samband við næstu almannatryggingaskrifstofu til að fá nánari upplýsingar.

RANNSÓKNARSTÖRF Í ÖÐRU EES-LANDI

Allir ríkisborgarar EES-landa eiga sama rétt á rannsóknatengdu námi og rannsóknarstörfum innan Evrópska efnahagssvæðisins. Þetta á við óháð því hvort rannsóknirnar eru gerðar fyrir innlent fé, t.d. styrkjum, eða innan ramma ESB-áætlunar. Ekki má mismuna neinum á grundvelli ríkisfangs eða þjóðernis.

Innan EES eru til ýmsar tegundir samstarfsáætlana fyrir rannsóknafólk. Mismunurinn getur stafað af löggjöf gistilandsins og starfssviði einstaklings - hvort hann er nemi, í doktorsnámi eða starfsmaður.

- Um rannsóknarfólk á styrkjum gilda sömu reglur og um nema.
- Ef þú ert ráðinn í ákveðinn tíma til rannsókna gilda sömu reglur og um launþega.
- Ef þú stundar rannsóknir á sérstökum þjónustusamningi gilda sömu reglur og um sjálfstæða atvinnurekendur.

Mikilvægt er að átta sig á því að ætíð er litið á fjárhagslega aðstoð við rannsóknafólk sem tekjur þeirra, þar gildir einu í hvaða formi aðstoðin er. Fjárhagsleg aðstoð er skattlögð annaðhvort samkvæmt skattalöggjöf gistilandsins eða heimalandsins eða í báðum löndunum. Þó eru til reglur til að komast hjá tvísköttun. Við ráðleggjum þér að hafa samband við skattayfirvöld í báðum löndum til að fá nánari upplýsingar.

Samstarfsáætlanir

Íslenskir ríkisborgarar eiga möguleika á að taka þátt í öllum áætlunum Evrópusambandsins á sviði menntunar og rannsókna. Senda má umsóknir beint til stofnana á Íslandi sem sjá um framkvæmd áætlanna. Aftast eru upplýsingar um hvert er hægt að snúa sér.

LEONARDO DA VINCI-STARFSMENNTAÁÆTLUNIN

Leonardo da Vinci-áætlunin nær til starfsnáms, bæði grunnnáms, framhaldsnáms og símenntunar. Áætlunin styður tilraunaverkefni, starfsþjálfun og nemenda- og starfsmannaskipti í samvinnu við stofnanir, háskóla og fyrirtæki í aðildarríkjum EES.

Venjulega er þess krafist að samstarfið nái til minnst þriggja landa, þar af þarf eitt landanna að vera aðili að Evrópusambandinu. Í hverju landi er skrifstofa sem sér um að samræma áætlunina innanlands. Ákvörðun um aðstoð við einstök verkefni er ýmist tekin sameiginlega af framkvæmdastjórn ESB og innlendu skrifstofunni eða innlendu

Uppfært mars 2003

skrifstofunni eingöngu. Það fer eftir eðli verkefnanna hvor þessara aðila tekur ákvörðunina.

Skilyrði

Til þess að fá stuðning til starfsþjálfunar eða til þátttöku í samstarfsverkefni, verða þátttakendur að fá tækifæri til að auka og bæta starfsmenntun sína og læra meira um nýja tækni og nýjar starfs- og skipulagsaðferðir.

Ef þú hefur hug á að taka þátt í skipti- eða starfsþjálfunarverkefni Leonardo da Vinci-áætlunarinnar, skaltu snúa þér til landsskrifstofu Leonardo da Vinci á Íslandi, sjá heimilisfang aftast í bæklingnum.

Starfsþjálfun

Hægt er að komast í starfsþjálfun innan Leonardo da Vinci áætlunarinnar eftir ýmsum leiðum.

Ungt fólk í grunnstarfsnámi

Þú átt meðal annars kost á starfsþjálfun í skóla, hjá starfsmenntastofnun eða fyrirtæki í öðru EES-landi. Starfsþjálfunartíminn getur annað hvort verið 3-12 vikur eða 3-9 mánuðir og skal vera metin sem hluti af námi þínu.

Ungt fólk á vinnumarkaði og nýútskrifaðir nemendur

Hvort sem þú ert í starfi eða ekki, geturðu sótt um þjálfunarstarf í 2-12 mánuði hjá fyrirtæki, starfsmenntastofnun eða því um líku í öðru EES landi. Þjálfunartíminn á að veita aukna starfshæfni eða formlega starfsreynslu.

Ungt fólk í háskólanámi

Ef þú stundar háskólanám, áttu möguleika á að starfa í fyrirtæki sem tekur þátt í starfsmenntunarverkefni ásamt öðrum EES-löndum.

Starfsmannaskipti

Þessar áætlanirnar eru sérstaklega ætlaðar þeim sem starfa hjá litlum og meðalstórum fyrirtækjum, samtökum atvinnugreina, stjórnvöldum, stéttarfélögum, samtökum vinnuveitenda, menntastofnunum og háskólum. Einnig eru þær ætlaðar verkmenntakennurum sem vilja bæta tungumálakunnáttu sína. Þú getur nýtt þér þessi skipti ef þú heyrir til einhverjum af eftirtöldum hópum:

Uppfært mars 2003

Starfsmannastjórar fyrirtækja, fræðslufulltrúar, skipuleggjendur og stjórnendur starfsþjálfunar

Ef þú fæst við eitthvað af þessu geturðu tekið þátt í skiptum sem hafa sem eftirtalin markmið:

- að bæta fagkunnáttu og færni fólks
- að auka gæði og aðgang að símenntun í starfsþjálfun og stuðla þannig að því að fólk geti þróað með sér nýja verkunnáttu og verkfærni ævilangt
- að stuðla að og styrkja framlag starfsmenntunar til nýsköpunar

Leiðbeinendur og kennarar í starfsmenntastofnunum

Ef þú tilheyrir þessum hópi geturðu tekið þátt í skiptum sem hafa eftirtalin markmið:

- að gera kennurum með sérþekkingu á nýrri tækni kleift að starfa skamman tíma í litlu eða meðalstóru fyrirtæki;
- að gera kennurum og leiðbeinendum í starfsmenntun kleift að auka færni sína í erlendum tungumálum

SÓKRATES-ÁÆTLUNIN

Markmið með Sókrates-áætluninni er að auka evrópsk áhrif og skírskotun í almennri menntun. Samkvæmt Sókrates-áætluninni geta háskólanemar t.d. tekið þátt í Erasmus-stúdentaskiptum. Grunn- og framhaldsskólanemar geta einnig tekið þátt í ýmiss konar samstarfi milli skóla, á sviði Comenius. Kennarar á öllum stigum eiga einnig ýmissa kosta vól samkvæmt Sókrates-áætluninni.

Háskólastúdentar (Erasmus)

Til þess að þú getir stundað nám í öðru EES-landi innan ramma Erasmus, þarf háskólinn sem þú stundar nám við að vera þátttakandi í Sókrates/Erasmus og hafa gert samninga við háskóla í öðrum löndum. Það nám sem tekið er erlendis fæst metið sem hluti af námi í heimaskóla.

Ef þú ert Erasmus-nemi þarft þú ekki að greiða skráningargjöld til erlendu menntastofnunarinnar. Stofnun í gistiríkinu getur heldur ekki krafist þess að þú greiðir fyrir þátttöku í námskeiðum, próftöku eða notkun rannsóknarstofa og bókasafna. Erasmus stúdentar greiða skráningargjöld til síns heimaskóla.

Sem Erasmus-nemi geturðu fengið styrk til að greiða kostnað við ferðir, kostnað við tungumálanám og upp í kostnað við framfærslu á námsstað.

Meðan á námstímanum erlendis stendur átt þú rétt á sömu námsstyrkjum og námslánnum og þú færð vegna náms í heimalandi þínu. Að auki geturðu fengið þjálfun í tungumálinu áður en námið erlendis hefst. Heimastofnunin eða gististofnunin veitir þér upplýsingar um Erasmus og aðstoð við hagnýt atriði sem tengjast dvöl þinni ytra,

Uppfært mars 2003

til dæmis við húsnæðisleit. Sérstakar ráðstafanir hafa verið gerðar vegna fatlaðra námsmanna.

Grunn- og framhaldsskólanemar (Comenius)

Comenius-undiráætlunin er ætluð nemendum í leik-, grunn- og framhaldsskólum. Markmiðið með henni er að stuðla að samstarfi milli skóla og koma á tengslum milli nemenda. Komið er á sambandi milli skóla í minnst þremur löndum sem hafa samstarf um evrópsk kennsluverkefni.

Tungumálanám (Comenius)

Nemendahópar 14 ára og eldri geta tekið þátt í gagnkvæmum nemenda skiptum innan Comenius-áætluninni. Með því móti getur þú tekið þátt í sameiginlegu kennsluverkefni milli skólans þíns og skóla í öðru landi. Þú lærir að nota tungumál í sambandi við þema sem er hluti af námi þínu og þátttakan getur einnig tengst námsferð.

Kennarar eða kennaranemar

Samkvæmt Sókrates-áætluninni bjóðast kennurum einnig ýmsir samstarfs og endurmenntunarkostir.

Tungumálakennarar

Tilvonandi tungumálakennarar geta fengið Comenius-styrk til að starfa sem aðstoðartungumálakennarar við skóla eða aðra menntastofnun í öðru ESB-landi í 3-8 mánuði.

Stjórnendur og sérfræðingar (Arion)

Stjórnendur og sérfræðingar á sviði menntamála geta fengið Arion styrk til að sækja námsheimsóknir í öðru EES landi. Markmiðið er auka skilning á menntakerfum þátttökulandanna og gefa þjóðunum tækifæri til að læra af reynslu hver annarrar. Hvert þátttökuland býður upp á námsheimsóknir í sínu landi sem vara u.þ.b. í viku.

Háskólakennarar

Háskólakennarar geta fengið styrk til kennaraskipta, 1-8 vikur, við stofnun í öðru ESB-landi sem tekur þátt í Erasmus.

Kennarar á leik- grunn- og framhaldsskólastigi

Uppfært mars 2003

Ef þú kennir í leik- grunn- eða framhaldsskóla geturðu fengið stuðning við kennsluverkefni í samvinnu við skóla í öðrum EES-löndum samkvæmt Comenius eða Lingua áætlunum. Þú getur einnig fengið styrki til undirbúningsfunda með skólunum sem þú ætlar að starfa með. Þar að auki er hægt að fá styrki til endurmenntunar kennara.

Tungumálakennarar

Kennarar eiga kost á fjárhagslegum stuðningi til að fara á endurmenntunarnámskeið í öðru EES-landi. Þetta á t.d. við um málakennara, sem annað hvort kenna erlent mál eða kenna á erlendu máli, hafa gert hlé á störfum og vilja taka til við kennslu á nýjan leik, kennara sem skipta yfir í tungumálakennslu, kennsluráðgjafa í erlendum málum og þá sem þjálfa tungumálakennara. Meginmarkmiðið er að gera kennarana hæfari til að kenna erlend mál eða kenna á erlendum málum. Einnig eru alls kyns námskeið fyrir almenna kennara í boði.

Hraðnámskeið

Hraðnámskeið innan Erasmus eru stuttar námslotur á háskólastigi sem hafa alþjóðlegt yfirbragð. Markmiðið er að nemendur og kennarar frá ýmsum löndum öðlist nýja sýn á tiltekið efni og að þeim verði gert kleift að bera saman nýjar kennsluaðferðir og reyna þær.

UNGT FÓLK Í EVRÓPU

Ungt fólk í Evrópu (UFE) er styrkjaáætlun á vegum Evrópusambandsins. Áætlunin ber enska heitið „Youth“. Alls eru 31 Evrópuland aðili að UFE áætluninni. UFE áætlunin er fyrir ungt fólk á aldrinum 15 – 25 ára, æskulýðssamtök og stofnanir sem vilja vinna að sam-evrópskum verkefnum. Með þátttöku í áætluninni gefst ungu fólki tækifæri á að taka þátt í fjölbreyttum verkefnum sem hafa menntunarlegt gildi. Slík óformleg menntun getur haft mótandi áhrif á lífsýn og ákvarðanir ungs fólks í framtíðinni. Verkefni sem UFE styrkir geta verið af ýmsu tagi, sem dæmi má nefna verkefni sem tengjast menningu, listum, umhverfisvernd eða forvarnarstarfi.

UFE áætlunin skiptist í 5 flokka.

Flokkur 1 – Ungmennaskipti

Evrópusambandið styrkir ungmennahópa til að verða sér úti um óformlega menntun með þátttöku í ungmennaskiptaverkefnum. Ungmennahópar frá tveimur eða fleiri löndum hittast og vinna saman að fyrirfram ákveðnum verkefnum og fræðast um leið um lönd og menningu hvers annars. Nota má ýmsar aðferðir við framkvæmd verkefna. T.d. útgáfu á prentuðu efni, uppsetningu á vefsíðu, umræður í hópum, gerð listaverka og smiðjuvinnu.

Flokkur 2 - Sjálfboðaðþjónusta

Uppfært mars 2003

Evrópusambandið styrkir ungt fólk til að verða sér úti um óformlega menntun með þátttöku í sjálfböðaverkefni í öðru landi. Sjálfböðaliðar vinna að verkefnum sem stuðla að almannaheill og eru ekki rekin í hagnaðarskyni. Einstaklingar á aldrinum 18 – 25 ára geta tekið þátt í sjálfböðaðþjónustunni. Sjálfböðaverkefni eru 6-12 mánaða löng. Engar kröfur eru gerðar um menntun en umsækjendur skulu hafa fasta búsetu í einhverju þátttökulandi.

Flokkur 3 - Frumkvæðisverkefni

Evrópusambandið styrkir ungt fólk til að skipuleggja og framkvæma verkefni að eigin frumkvæði.

Frumkvæðisverkefni hópa

Frumkvæðisverkefni hópa eru verkefni sem eru skipulögð og framkvæmd af hópi ungs fólks. Verkefnið skal vera nýstárlegt framlag til málefnis sem vert er að vekja athygli á. Verkefnið skal hafa samfélagslegt gildi og má ekki vera unnið í hagnaðarskyni.

Frumkvæðisverkefni einstaklinga

Frumkvæðisverkefni einstaklinga eru fyrir ungt fólk sem lokið hefur sjálfböðaðþjónustu á vegum Evrópusambandsins. Verkefnið má vara í allt að tólf mánuði. Verkefnið skal hafa einhver tengsl við sjálfböðaðþjónustuverkefnið sem einstaklingurinn hefur lokið, án þess að vera beint framhald af því.

Flokkur 4 – Samstarfsverkefni

Evrópusambandið veitir styrki til samstarfsverkefna sem tengjast öðrum áætlunum á sviði menntunar, starfsþjálfunar og menningar.

Flokkur 5 - Stuðningsverkefni

Stuðningsverkefni stuðla að undirbúningi og þróun verkefna sem falla undir einhvern af hinum fjórum flokkum áætlunarinnar Ungs fólks í Evrópu. Stuðningsverkefnum er ætlað að styrkja og efla starfsgrundvöll evrópskra æskulýðsmála. Þátttakendur í stuðningsverkefnum skulu stefna að þátttöku í verkefnum sem heyra undir aðra flokka áætlunarinnar Ungs fólks í Evrópu.

Ef þú vilt vita meira um Ungt fólk í Evrópu skaltu hafa samband við landsskrifstofu Ungs fólks í Evrópu sem er staðsett í Hinu Húsinu.

Nánari upplýsingar

Upplýsingar um rammaáætlanir á sviði rannsókna og þróunar:

Rannsóknarráð Íslands
Laugavegi 13
101 Reykjavík
Sími: 562-1320 - Símbref: 552-9814
Netfang: hjordis@rannis.is
Veffang: <http://www.rannis.is/>

Kynningarmiðstöð Evrópurannsókna hjá
Rannsóknþjónustu Háskólans
Dunhaga 5
107 Reykjavík
Sími: 525-4900 - Símbref: 552-8801
Netfang: eirikur.bergmann@hi.is
Veffang: <http://www.rthj.is/>

Upplýsingar um Sókrates áætlunina veitir:

Alþjóðaskrifstofa háskólastigsins
Neshaga 16
107 Reykjavík
Sími: 525-4311 - Símbref: 525-5850
Netfang: ask@hi.is
Veffang: <http://www.ask.hi.is/>

Upplýsingar um Leonardó da Vinci starfsmenntaáætlunina veitir:

Rannsóknþjónusta Háskóla Íslands
Dunhaga 5
107 Reykjavík
Sími 525-4900 - Símbref 552 8801
Netfang: rthj@hi.is
Veffang: <http://www.leonardo.hi.is>

Mennt - Samstarfsvettvangur atvinnulífs og skóla
Laugavegi 51
101 Reykjavík
Sími 511 2660
Netfang: mennt@mennt.is
Veffang: <http://www.mennt.is>

Upplýsingar um Media II, RAPHAEL og KALEIDOSCOPE áætlanirnar og menningaráætlanir veitir:

Media upplýsingaþjónusta

Uppfært mars 2003

Laugavegi 24
101 Reykjavík
Sími: 562-6366 - Símbref: 562-7171
Netfang: mediadesk@centrum.is
Veffang: <http://www.centrum.is/mediadesk>

Upplýsingar um Ungt fólk í Evrópu:

UFE - Landsskrifstofa
Hitt húsið
Aðalstræti 2
101 Reykjavík
Sími: 552-2220 - Símbref: 562-4341
Netfang: ufe@rvk.is og evs@rvk.is
Veffang: <http://www.ufe.is>

Upplýsingar um nám erlendis veitir:

Alþjóðaskrifstofa háskólastigsins
Neshaga 16
107 Reykjavík
Sími: 525-4311 - Símbref: 525-5850
Netfang: ask@hi.is
Veffang: <http://www.ask.hi.is/>

Upplýsingar um heilbrigðismál og almannatryggingar:

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti
Laugavegi 116
150 Reykjavík
Sími: 560-9700 - Símbref: 551-9165
Netfang: postur@htr.stjr.is
Veffang: <http://www.stjr/htr>

Tryggingastofnun ríkisins
Laugavegi 114
150 Reykjavík
Sími: 560-4400 - Símbref: 562-4545
<http://www.tr.is>

Upplýsingar um dvalarleyfi og búsetu:

Ríkislögreglustjórnin
Skúlagötu 21
101 Reykjavík
sími: 570-2500 símbref: 570 2501
Netfang: utl@rls.is
Veffang: <http://www.logreglan.is/police.nsf/pages/rls.html>

Uppfært mars 2003

Hagstofa Íslands
Skuggasundi 3
150 Reykjavík
sími: 560-9800 símbref: 562-8865
Netfang: postur@hag.stjr.is
Veffang: <http://www.hagstofa.is/>

Upplýsingar um nám einstökum ESB-löndum alnetinu:

Dialogue with Citizens and Business: http://europa.eu.int/citizens/index_en.html
(Upplýsingar á öllum tungumálum ESB-ríkja)

Upplýsingar um EES-samninginn:

Utanríkisráðuneytið
Viðskiptaskrifstofa
Rauðarárstíg 25
sími: 560-9900 símbref: 562-4878
Netfang: postur@utn.stjr.is
Veffang: <http://www.stjr.is/utn> og vefsetrið www.ees.is

Menntamálaráðuneytið
Sölvhólgötu 4
150 Reykjavík
Sími: 560-9480 - Símbref: 562-3068
Netfang: postur@mrn.stjr.is
Veffang: <http://.mmrn.stjr.is>